

A 1880/kultur

Flytjandi	Norrænt frelsi
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

**Þingmannatillaga
um vinaskóla og vináttutengsl menntastofnana****Tillaga**

Norrænt frelsi leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að vinna að útfærslu ramma um norrænt samstarf á sviði menntamála og þá einkum að því er varðar að koma á fót skipulagi fyrir vinaskóla og vináttutengsl norrænna menntastofnana til hagsbóta fyrir samheldni á Norðurlöndum og norræna sjálfsmynd.

Skýring

Vinabæir hafa um langt skeið verið þekkt fyrirbæri í mörgum sveitarfélögum í bæði norrænum og evrópskum ríkjum. Reynslan hefur verið misjöfn og vinabæir eru venjulega ekki efst á lista yfir áherslumál á fjárhagsáætlunum sveitarfélaga. Því verður fyrirbærið oft yfirborðskennt vegna þess að vinabæirnir eru svo margir að í raun er bara um að ræða skrautfjöður.

Norrænt frelsi vill því að vináttuhugtakið verði notað á vettvangi stofnana, þannig að t.d. grunnskóli í Finnlandi velji danskan grunnskóla sem „vinaskóla“. Eða að sænskur framhaldsskóli velji danskan „vinaframhaldsskóla“.

Hugmyndin er að hver skóli eða menntastofnun hafi sjálfsvald og að einungis verði komið á fót nýjum ramma sem auðveldi alla umsýslu. Markmiðið með vinaskólum er að auka miðlun menningar og reynslu milli Norðurlandanna. Samskiptin geta farið fram í formi sameiginlegra verkefna á netinu milli bekkja, lítilla hópa, sem heimsækja hvern annan eða á grundvelli nemendaskipta, þar sem stakir nemendur geta dvalið í öðru norrænu ríki, búið á heimili og sótt kennslu.

Því fyrr sem nemendur kynnast norrænni arfleifð og sjálfsmynd, því sterkari sess munu Norðurlöndin öðlast í huga þeirra – þar á meðal áhugann á að dveljast í öðru norrænu ríki til að stunda nám eða vinnu.



Vinaskólarnir skulu vera hugsaðir til lengri tíma, svo skapa megi varanleg tengsl milli nemenda og kennara, sem einnig geta teygt sig út fyrir skólagöngu. Einnig gæti verið um að ræða námsdvöl, kennaraskipti og þess háttar, sem efla norræna þáttinn í skólagöngu og vitund nemenda.

Norrænt frelsi sér fyrir sér samnorrænan vefvettvang þar sem skólar geta sett fram óskir sínar og þar sem reglur og fyrirkomulag eru nákvæmlega skilgreind. Einnig sér Norrænt frelsi fyrir sér að val vinaskóla feli í sér ákveðinn binditíma svo að skólarnir „vafri“ ekki bara um til bölvunar fyrir tengslin til lengri tíma og þátt ígrundunar. Þess vegna eru einnig uppi vangaveltur um „einn skóla“ á hvern skóla.

Stokkhólmi, 30. september 2021

Angelika Bengtsson (SD)

Aron Emilsson (SD)

Kaisa Juuso (saf)

Liselott Blixt (DF)

Lulu Ranne (saf)

Mette Hjermand Dencker (DF)

Riikka Purra (saf)

Staffan Eklöf (SD)

Vilhelm Junnila (saf)